

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 134. löggjafarþings, frá 12. júní 2007 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört á Bessastöðum, 12. júní 2007.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.“

Alþingi samþykkti hinn 13. júní 2007 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 134. löggjafarþings, frestað hinn 13. júní 2007.

Forsætisráðuneytinu, 14. júní 2007.

Geir H. Haarde.

Bolli Þór Bollason.